

Eintak án trúnaðarupplýsinga

Ákvörðun nr. 39/2023
Þriðjudagurinn 10. október 2023

Kaup Innnes ehf. á öllu hlutafé í Djúpalóni ehf.

1. Með bréfi, dags. 11. september 2023, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um fyrirhuguð kaup Innnes ehf. (hér eftir „Innnes“) á 100% hlutafjár í Djúpalóni ehf. (hér eftir „Djúpalón“) með samrunaskrá í samræmi við 5. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005.
2. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur framangreindur gerningur í sér samruna sem er tilkynningaskyldur í skilningi 17. gr. a samkeppnislaga. Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020. Samrunatilkynningin var fullnægjandi og byrjuðu frestir til að rannsaka samrunann að líða þann 12. september 2023. Við meðferð málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, þeirra gagna sem með fylgdu og annarra aðgengilegra upplýsinga um viðkomandi starfsemi og samkeppnismarkaði.
3. Í samrunaskrá kemur eftirfarandi fram varðandi starfsemi samrunaaðila:
 - a) Innnes sé matvöruheildverslun. Starfsemi félagsins felist í vali á vörum, innflutningi, markaðssetningu og dreifingu á matvöru fyrir stórmaraði, þægindaverslanir, hótél, veitingastaði, bakarí og mötuneyti. Þar að auki bjóði Innnes fyrirtækjum upp á kaffi- og vatnsvélaþjónustu.
 - b) Djúpalón sé fyrirtæki sem stundi innflutning, markaðssetningu, sölu og dreifingu á sjávarfangi, aðallega fyrir veitingastaði. Djúpalón sé heildsala sem sérhæfi sig í sölu á sjávarfangi.
4. Í samrunaskrá kemur fram að það sé mat samrunaaðila að báðir aðilar starfi á markaði fyrir fisk- og fiskafurðir sem undirmarkað innflutnings, heildsölu og dreifingu á matvöru, í samræmi við nálgun Samkeppniseftirlitsins í skýrslu nr. 1/2012.¹
5. Samkeppniseftirlitið gerir ekki athugasemdir við markaðsskilgreiningu samrunaaðila. Það athugast þó að Samkeppniseftirlitið telur ekki útilokað að skilgreina megi markað fyrir sölu fisk og fiskafurða í nánari undirmarkaði eftir tegund sjávarafurðar. Þá er ekki útilokað að hægt sé að skilgreina markaðinn nánar eftir söluleiðum t.d. stóreldhússmarkaður og neytendamarkaður teljist sitthvor markaðurinn.² Einnig er ekki útilokað að hægt sé að skipta markaðinum í nánari undirmarkaði eftir því hvort um sé að ræða ferskt, frosið sjávarfang eða tilbúnir réttir. Í ljósi

¹ Sjá hér: https://www.samkeppni.is/media/skyrslur-2012/Skyrsla_01_2012_Verdthroun_og_samkeppni_a_dagvorumarkadi.pdf.

² Slíkt kom einnig fram í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 22/2023 *Kaup Eðalfangs ehf. á meirihluta hlutafjár í 101 Seafood ehf.* Þar gerði Samkeppniseftirlitið ekki athugasemdir við markaðsskilgreiningar samrunaaðila að viðkomandi markaður málsins teldist markaður fyrir áframvinnslu og sölu fiskafurða til stóreldhús og í neytendapakkningar. Þar tók Samkeppniseftirlitið það fram að hugsanlega væri hægt að skilgreina markað fyrir áframvinnslu og sölu fiskafurða í nánari undirmarkaði eftir tegund sjávarafurðar. Einnig væri ekki útilokað að stóreldhúsmarkaður og neytendamarkaður teljist sitthvor markaðurinn. Ekki var talið þörf á því að skilgreina markaði nánar í því máli.



niðurstöðu málsins er þó ekki þörf á að skilgreina markaði málsins þrengra en sölu á fisk og fiskafurðum. Ekki er þörf að skilgreina landfræðilegan markað málsins þar sem það hefur ekki áhrif á niðurstöðu málsins.

6. Að mati samrunaaðila er markaðshlutdeild Djúpalóns á markaði fyrir fisk- og fiskafurðir talin vera í kringum 5-10%. Samkvæmt samrunaaðilum námu heildartekjur Innnes vegna heildsölu árið 2022 samtals 12.391.460.095. kr. Af þeirri upphæð námu tekjur félagsins vegna sölu fisks- og fiskafurða samtals [...] kr.³ Það er því ljóst að mati Samkeppniseftirlitsins að starfsemi Innnes á markaði fyrir fisk- og fiskafurðir er takmörkuð og markaðshlutdeild Innnes á þeim markaði óveruleg þar sem aðalstarfsemi Djúpalóns fer fram. Það er því mat Samkeppniseftirlitsins að samkeppnisleg áhrif samrunans á viðeigandi markað verða takmörkuð ef einhver, sér í lagi möguleg lárétt áhrif samrunans. Þá tekur Samkeppniseftirlitið undir sjónarmið samrunaaðila um að markaðurinn beri ekki einkenni mikilla aðgangshindrana eða erfiðleika við innkomu mögulegra nýrra keppinauta.
7. Það er því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekkert í fyrirliggjandi gögnum málsins bendi til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist á viðkomandi vörumarkaði, eða samruninn muni raska samkeppni að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Af þeim sökum telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að hafast frekar að vegna samrunans og lýkur því rannsókn málsins á fyrsta fasa.

Ákvörðunarorð:

„Kaup Innnes ehf. á öllu hlutafé í Djúpalóni ehf. felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

³ Trúnaðarmál.